

Alþingi
Erindi nr. Þ 137/761
komudagur 31.7.2009

Icesave - bankahrun - almenningsálit - afstaða fjölmiðla og stjórnámálanna í Bretlandi og Hollandi

Bretland

Almenningur hefur lítinn sem engan áhuga á Icesave málinu, enda hefur uppgjör þegar átt sér stað hjá öllum innistæðueigendum. Áhugi á samningsgerð Íslands og Bretlands er jafnframt takmarkaður, enda talið að þetta sé fyrst og fremst "Treasury mál". Meira að segja breska utanríkisráðuneytið hefur alla tíð frá því síðastliðið haust leitt hjá sér samningsþætti.

Áhugi á Íslandsmálum hér í landi er meðal annars bundinn við uppgjör á innistæðum á KSF Isle of Man og Landsbankanum Guernsey. Mesta athygli vekja þeir þættir er snúa að sveitarfélögum, góðgerðarstofnunum og öðrum samtökum. Aðilar á vegum þessara hagsmunaaðila eru stöðugt í sambandi við einstaka þingmenn, sem fylgja málum eftir með fyrirspurnum til ráðherra. Aðal dagblöð Bretlands fylgjast fyrst og fremst með almennum gangi mála á Íslandi og eru Daily Telegraph og Financial Times þar fremst í flokki með umfjöllun á fjármálasíðum. Svæðisdagblöð í Bretlandi fjalla fyrst og fremst um innistæður sveitarfélaga. Samtök sveitarfélaga í Bretlandi hafa fram til þess verið mjög jákvæð hvað varðar endurheimtur, sem hjálpar mikið til. Sendiráðið hefur verið í mjög góðu sambandi við þessa aðila og góðgerðarsamtök. Sendiráðið eignar sér að einhverju leyti að minna hefur orðið um neikvæða umræðu úr þessari átt en búast hefði mátt við, enda hefur það lagt sig fram við að ræða við þessa aðila, eiga með þeim fundi og greiða götu þeirra við aðila á Íslandi eftir því sem aðstæður hafa leyft. Þá hefur þvergirðingsháttur bresku ríkisstjórnarinnar í málefnum sveitarfélaga og góðgerðarsamtaka óneitanlega hjálpað til að gefa Íslandi betri ímynd. Allir þrír megin stjórn mála flokkar Bretlands hafa flokkslega séð haldið sig til hlés í málinu þótt þingmenn þeirra hafi afskipti af einstökum þáttum þess.

Verði Icesave samningurinn felldur á Íslandi, án nokkurra annarra lausna, mun málið hér í Bretlandi án efa fá verulega athygli fjölmiðla í nokkra daga og þá kannski meira út frá því hvert stefnir á Íslandi efnahagslega ef allir samhangandi þættir, þ.e.a.s. IMF fyrirgreiðslan, lán Norðurlanda og fleira dragast á langinn. Verði samningurinn hins vegar samþykktur, en með fyrirvörum, mun það vekja mun minni áhuga, sér í lagi ef íslensk stjórnvöld undirbúa bresk stjórnvöld (og að sjálfsögðu hollensk) undir slíka niðurstöðu og að niðurstaðan verði þannig að hægt sé að vinna úr henni ásættanlegt endanlegt samkomulag.

Að lokum skal það haft í huga að innistæðueigendur hjá KSF Isle of Man og Landsbankinn Guernsey hafa hótað skilaneftndum Kaupþings banka og Landsbanka málaferlum vegna þess að þeim hafi verið mismunað út frá neyðarlögunum 6. október 2008 og einnig að viðkomandi innistæðueigendur fengu við yfirtöku Kaupþings og Landsbankans á eldri breskum bönkum yfirlýsingu um "**parental guarantee**" frá íslensku bönkunum, sem þessir aðilar telja að jafnast á við innistæðutryggingu. Eftir viðtöl undirritaðs við skilaneftndarmenn í gamla Landsbankanum og gamla Kaupþings banka virðist svo sem skilaneftndir hafi ýmist ekki skoðað þetta nánar eða telji sig ekki vera bundnar af slíkri yfirlýsingu. Hagsmunasamtök innistæðueigenda á báðum eyjum líta svo á að skilaneftndirnar muni alls ekki flokka kröfur þeirra sem forgangskröfur. Breskir þingmenn hafa gert fjöldamargar fyrirspurnir til breskra fjármálaráðuneytisins um stöðu þessara innistæðueigenda og fengið það svar að þetta komi ekki bresku ríkisstjórninni á nokkurn hátt við. Þess skal getið að Mön og Guernsey tilheyra ekki aðild Breta að Evrópusambandinu. Þar af leiðandi eru aðstæður þeirra til þess að trufla fyrir samþykki á aðildarumsókn Íslands að ESB óbein og takmörkuð, öfugt við það sem er fyrir hendi í Hollandi, samanber það sem segir hér á eftir.

Holland

Í Hollandi, öfugt við Bretland, fylgist almenningur og fjölmiðlar grannt með Icesave málinu. Stöðugt er verið að minnast á einstaka þætti málsins í dagblöðum, útvarpi og sjónvarpi, hvort sem það er vegna þess að fyrirbyggjandi samningur tengist við aðildarumsókn Íslands að ESB, "hneykslið" varðandi þátttöku hollenskra sveitarfélaga í Icesave, sér í lagi Noord Holland svæðisstjórnarinnar og afsagna ráðamanna þar og stöðu "Icesaving" hópsins, þ.e.a.s. þeirra sem eiga meira en 100.000 evrur í Icesave (Gerard Vliet og félagar, samtals 469 aðilar með alls kröfu 40 milljónir evra) eða hvað varðar samninginn sjálfan. Hollendingar telja að Íslendingar eigi alls ekki að fá að sleppa við að greiða útlagðan kostnað hollenska ríkisins til innistæðueigenda Icesave, í samræmi við reglur EES.

Það er almennt mat að Hollendingar vilji sjá Ísland í Evrópusambandinu en einungis ef Icesave málið er frágengið. Nýleg óvísindaleg skoðanakönnun í ríkisútvarpinu í Hollandi sýndi að 60% þátttakenda væru hlyntir aðild Íslands að ESB.

Meðal stjórnsmálaflokka þá hefur þungi málsins hvílt fyrst og fremst á utanríkisráðherranum Verhagen úr CDA, Kristilega demókrataflokknum, sem forsætisráðherrann Balkenende tilheyrir einnig, svo og Bos fjármálaráðherra úr PvdA, sósíalíska demókrataflokknum. Frjálslyndi flokkur Hollands, VVD, sem er í stjórnarandstöðu, er sömu skoðunar og stjórnarflokkarnir um afstöðuna til Íslands og Evrópusambandsins með fyrirvara um samþykki Icesave. Róttæki hægrí flokkurinn, PVV, undir forystu Wilders, sem neitað hefur verið um innkomu til Bretlands, er á móti aðild Íslands í ESB. Í skoðanakönnunum þessa dagana er þessi flokkur mældur með mesta fylgið í Hollandi. Rétt er að geta þess að Wim van de Camp, þingmaður á Evrópuþinginu, sem skipaði fyrsta sæti á lista CDA í vor, hefur verið mjög harðorður í garð Íslands, bæði í ESB kosningunni og eftir á, fyrst og fremst vegna Icesave málsins.

Verði Icesave samningurinn felldur á Íslandi mun skapast mjög neikvæð umræða í Hollandi um Ísland og Íslendinga og útilokað er á þessu stigi að meta hvaða afleiðingar það muni hafa í för með sér. Verði samningurinn samþykktur með fyrirvörum er nauðsynlegt að íslenskir ráðherrar verði í beinu sambandi við hollenska ráðherra til að skýra fyrirvarana. Ef hægt væri að gera slíkt rétt fyrir lokaatkvæðagreiðslu Alþingis þeim mun betra. Aðalatriðið er að fyrir hendi liggi beinar samskiptalínur milli íslenskra og hollenskra ráðherra.

Ólíkt því sem fyrirfinnst í Bretlandi, samanber það sem áður var sagt, er alveg ljóst að Icesave málið í Hollandi mun halda áfram þrátt fyrir að samkomulag náist um samninginn. Gerard van Vliet og "Icesaving" félagar hans munu reyna að halda uppi stöðugri pressu á hollensk yfirvöld auk hótana um málaferli gegn Íslandi og kærðu til ESA vegna þess að jafnréttis var ekki gætt meðal innistæðueigenda í neyðarlögunum sem sett voru 6. október síðastliðinn. Það er því alls ekki sjálfgefið að Icesave málið verði aftengt pólitík í hollenska þinginu ef samningur um aðild Íslands að ESB er lagður þar fyrir og enn standa yfir málaferli og fleira vegna "Icesaving". Ekki má gleyma í þessu samhengi sveitarfélögunum í Hollandi sem lögðu 300 milljónir evra í Icesave reikninga. Þrátt fyrir að Hollendingar séu 16 milljónir talsins þá virkar umræðan um þetta mál eins og deilumál í stórrí fjölskyldu. Því er það ef til vill athugandi að verði Icesave samningurinn samþykktur á Alþingi þá sé um leið leitað leiða til þess að finna einhverja viðunandi lausn á kröfum "Icesaving" samtakanna og sveitarfélaga, í stað þess að láta þær krauma undir niðri í tvö-þrjú ár án lausnar.

-----Forwarded by Kristján Guy Burgess/UTN/NotesSTJR on 07/30/2009 04:47PM -----

To: Kristján Guy Burgess/UTN/NotesSTJR@NotesSTJR, Einar Gunnarsson/UTN/NotesSTJR@NotesSTJR, Martin Eyjólfsson/UTN/NotesSTJR@NotesSTJR,

Benedikt Jónsson/UTN/NotesSTJR@NotesSTJR, Högni S.
Kristjánsson/UTN/NotesSTJR@NotesSTJR
From: Sverrir Haukur Gunnlaugsson/UTN/NotesSTJR
Date: 07/30/2009 11:14AM
Cc: Haukur Ólafsson/UTN/NotesSTJR@NotesSTJR, Stefán Haukur
Jóhannesson/UTN/NotesSTJR@NotesSTJR
Subject: Almenningsálit í Hollandi vegna Icesave

Sælir,

Vísa til skeytis míns í gær um sams konar málefni. Til þess að hafa vaðið fyrir neðan mig þáð ég í gær hollenskt PR fyrirtæki, Huijskens Communications, sem ræðismaðurinn í Amsterdam mælti með, að taka saman stutta samandregna lýsingu um almenningsálitid og stöðu stjórn mála flokkanna í Hollandi hvað varðar Icesave. Hjálaga fylgir þessi lýsing sem var að berast og staðfestir lýsingu sendiráðsins en er nákvæmari.

Kveðja,

Sverrir Haukur

Embassy of Iceland / Sendiráð Íslands
2A Hans Street London SW1X 0JE
Tel: 020 7259 3999
Fax: 020 7245 9649
<http://www.iceland.org/uk>

The Netherlands and Icesave

This memo assesses political and public opinion to the Icesave issue in the Netherlands, and has been drafted by Huijskens Communications at the request of Mr. Sverrir Haukur Gunnlaugsson, Iceland's Ambassador in the UK.

Media

Since October 2008, the Icesave story has been major news in the Netherlands. The affair has influenced Dutch media opinion regarding Iceland's bid for EU membership. The two topics are now inter-twined. The media view is that repayment of the loan by the Dutch to Iceland (€1.3 bn) is a Dutch government pre-condition of Iceland's EU membership. There is recognition in the media of Iceland's perilous financial state and related public and political resistance in Iceland to the deal. However, Dutch media commentators are clear that those circumstances do not justify renegeing on the deal. Media coverage is driven by political events. We are not aware of any media analysis of the options or consequences should Iceland not approve the Icesave agreement. Separately, media are critical of Wouter Bos for apparently neglecting to make clear that the Icesave deal was subject to Icelandic parliamentary ratification and reports criticism by some leftwing MPs of the ineffective role played by the Dutch Central Bank.

Public Opinion

Politics is driving the story rather than public opinion. The fact that many Dutch savers will be re-paid or have been re-paid and that the issue therefore does not currently directly affect them doubtless explains the absence of public outcry. However, in the Netherlands, Euro sceptical sentiments are never far beneath the surface and memories are fresh and raw of the damage done domestically by banking failures, which required state bailouts. The electorate has also proven itself fickle, evident in the yo-yoing popularity of finance minister Wouter Bos.

Politics

The Netherlands is governed by a grand coalition of conservative (CDA) and labour (PvdA), with the balance of power controlled by the conservative religious Christian Union (CU). The government's position (or at least that of the two main parties; CU has publicly expressed no stance) is that EU membership is contingent on repayment of the Icesave loan. Maxime Verhagen, Foreign Secretary (CDA), describes this as an "absolute requirement". His position has overwhelming parliamentary support. However, the fact that Iceland's parliament has indicated it is not yet ready to approve the deal (Dutch media: July 21), and that the Dutch have approved steps towards Iceland's EU membership (Dutch media: July 28) has triggered concern and anger from some opposition MPs. The VVD (free-market liberals) sense Iceland may be trying to uncouple the Icesave deal from EU membership. It fears that "the train is rolling and cannot be stopped" as far as membership is concerned. The Dutch government has dismissed this, reminding MPs that they will eventually have the chance to ratify Iceland's EU membership application.

Parliament

The Dutch Parliament (legislature) comprises 150 directly elected MPs. Parliament is in recess until August 31. Primary opposition to Iceland's application for the EU membership has come from CDA (ruling conservative Christian democrats), PVV (right-wing anti-Islam party of Geert Wilders), VVD (free market liberals), and the Euro sceptic left-wing Socialist Party (SP). Inevitably, opposition parties are making political capital from sniping at the government. PVV, the controversial anti-Islam party led by right-wing maverick Geert Wilders, has shown a canny ability to manipulate media. While it has only nine MPs, opinion polls suggest it is currently the second-largest party in the country.

Politicians who have been quoted in media

CDA Christian Democrat party (44 seats) – Euro MPs Ria Oomen and Wim van de Camp

VVD (22 seats) – Dutch MP Han Ten Broeke and Euro MP Hans van Baalen.

PVV (9 seats) – Barry Madlener, Euro MP

PvdA (33 seats) – Paul Tang, Dutch MP

SP (25 seats) – Ewout Irrgang, Dutch MP

Others

GroenLinks – Green Party (7 seats) - is generally in favour of EU-expansion. In a recent statement on its website, the party states that Iceland has much to offer in the field of energy and fisheries.

D'66 – Democratic party (3 seats) - is open to EU expansion and the entry of Iceland.

Provincial Government

Several Dutch provinces (the big regional authorities) invested money in Landsbanki. An investigation at North Holland led to the resignation of all seven provincial executives, after it revealed that the province had breached its internal risk management rules. The resignations proved a symbolic gesture as most of the executives were re-instated. There is continued public disquiet over the position of governor Harry Borghouts. He has given up only limited external roles, such as interim chairmanship of the ABP pension fund. By contrast, the situation at other provinces that invested and lost, such as Groningen, has been relatively peaceful with no visible political consequences and little if any public outcry.

Icesaving

Two hundred Icesave depositors are starting legal proceedings in Brussels to oppose the Dutch-Iceland deal. These are investors whose savings were not wholly covered by the government deal. Gerard Vliet, Icesaving spokesman, feels betrayed by Wouter Bos, whom he accuses of not defending their interests. On June 23, Icesaving urged MP's to ensure that its members are fully compensated.

However, it is now more than a month since media reported anything about this group's activities.

Ian Bickerton

Daan Heijbroek

July 30 2009